

Borgarstjórn
15. janúar 2019

Tillaga borgarfulltrúa Samfylkingar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna um mótun íþróttastefnu til ársins 2030

Lagt er til við borgarstjórn að sett verði af stað vinna í samvinnu ÍTR og ÍBR varðandi framtíðarstefnumörkun í íþróttamálum í Reykjavík. Gildistími stefnunnar verði til 2030. ÍTR verði falið að stýra þessari vinnu í samvinnu og samráði við ÍBR. Hún skal hefjast í upphafi ársins 2019 og verði lokið fyrir 1. febrúar 2020. Skipaður verði stýrihópur og gerð skal sérstök verkefnisáætlun vegna vinnunnar. Heimilt verði að ráða ráðgjafa til að starfa við einstaka þætti verkefnisins.

Greinargerð:

Í tillögunni er lagt til að mörkuð verði stefna fyrir íþróttamál í borginni til 2030. Núgildandi stefna nær til ársins 2020 og var hún unnin í náinni samvinnu við íþróttahreyfinguna í borginni. Meðal þess sem verði fjallað um verði að jafna möguleika áhugasams ungs fólks til íþróttapátttöku, óháð efnahag eða öðrum þáttum, leiðir til að stuðla að aukinni og reglulegri hreyfingu íbúa borgarinnar og hlutverk íþróttafélaganna í að stuðla að almennri hreyfingu borgarbúa, ekki síst þeirra sem komnir eru á efri ár.

Lagt verði mat á rekstrarumhverfi og rekstur íþróttahreyfingarinnar, aðstöðumál og sett fram stefna og framtíðarsýn hvað þessa þætti varðar.

Í upphafi vinnunnar verði framkvæmt stöðumat sem meðal annars feli í sér eftirfarandi atriði:

- i) Stöðumat á framfylgd gildandi íþróttastefnu og stefnu um sundlaugar
- ii) Yfirlit um þátttöku í æfingum og starfsemi íþróttafélaga, brotið niður eftir hverfum, aðsókn í sund og aðra heilsurækt og framboð af íþróttum og hreyfingu í borginni. Jafnframt verði veitt heildaryfirlit um stuðning við börn og ungmenni í gegnum frístundakort og stuðning velferðarsviðs og eldri borgara og öryrkja í gegnum ókeypis aðgang að sundlaugum og niðurgreiðslu á annarri hreyfingu.
- iii) Rekstrarúttekt á íþróttafélögum og fjárhagslegu umhverfi þeirra félaga sem njóta styrkja frá borginni.
- iv) Yfirlit um fjárfestingu í núverandi íþróttamannvirkjum, völlum og aðstöðu, sbr. kortlagningu mannvirkjanefndar ÍBR, þ.m.t. fasteignir, lönd og lóðir, sundlaugar, golfvelli, aðstöðu hestaíþróttarinnar, samgöngu- og útivistarstíga, íþróttahús við skóla og battavelli á skólalóðum.

Unnar verði tillögur að framtíðarsýn og aðgerðaáætlun út frá lykilmarkmiðum um að jafna aðstöðu til þátttöku, mikilvægi hreyfingar fyrir alla aldurshópa og um öflugt íþróttastarf um alla borg. Í skilagrein verði meðal annars fjallað um mögulega hverfaskiptingu íþróttafélaganna, áætlun um uppbyggingu íþróttamannvirkja, stefnumótun borgarinnar og félaganna, rekstrarmál íþróttafélaga, þjónustu og starfsemi félaganna og rekstur íþróttamannvirkja borgarinnar. Einnig verði mörkuð stefna varðandi stuðning borgarinnar í gegnum frístundakort, stuðning við almenningsíþróttir, afreksíþróttir, sérsambönd, landslið og afnot þeirra af borgarmannvirkjum.

Áfangaskýrslu skal skilað um nokkur lykilatriði, svo sem hverfaskiptingu, mannvirkjamál og rekstrarmál fyrir 1. maí 2019.